

# Fréttabréf AFLs

1. tbl. 2022

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



## Niðurstöður kjarakönnunar

# Margt jákvætt á austfirskum vinnumarkaði

**Heildarlaun félaga í AFLi hafa hækkað töluvert umfram það sem gerist á almennum vinnumarkaði undanfarin misseri. Á móti eru vinnuvikan jafnlöng og áður meðan hún virðist stytstast annars staðar á landinu. Atvinnulausum og þeim sem hafa fjárhagsáhyggjur fækkar.**

„Ef við berum stöðuna hjá félagsfólki AFLs saman við tölur á landsvísu þá er þar margt jákvætt að sjá og fátt neikvætt. Eins ef við berum saman niðurstöður nú og frá því árinu áður þá er margt jákvætt,“ segir Tómas Bjarnason, sviðsstjóri mannauðs, rannsóknna og ráðgjafar hjá Gallup um niðurstöður árlegrar launakönnunar AFLs. Nánar er greint frá einstökum niðurstöðum könnunarinnar inni í fréttabréfinu. Gallup gerði könnunina fyrir félagið síðasta haust.

„Atvinnustaðan skiptir miklu máli. Það eru færri atvinnulausir og fleiri starfandi í þessari könnun en þeirri síðustu. Það hefur síðan aftur áhrif á annað, svo sem fjárhagsferðleika,“ segir Tómas.

Ríflega 92% þeirra sem svöruðu könnuninni flokkast sem „starfandi“, þ.e. eru launþegar eða sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði. Það hlutfall var tæp 85% í fyrra og tæp 90% fyrir tveimur árum. Aðeins rúm 2% svarenda voru atvinnulausir í september en vert er þó að taka fram að 12% svarenda höfðu einhvern tíman á síðasta ári orðið fyrir atvinnuleysi. Þróunin virðist þó í rétta átt. „Það þarf að passa sig á að árið á undan, þ.e. 2020, var sérstakt og skar sig úr varðandi atvinnustöðu og fleira. Horfur voru hins vegar versnandi áður, árið 2019. Þær tölur sem við sjáum nú eru líkari þeim sem voru 2018,“ útskýrir Tómas.

### Heildarlaun tæp 700 þúsund

Heildarlaun hjá félögum í AFLi eru rétt tæp 700 þúsund fyrir fullt starf, sem er hækkan upp á 68 þúsund milli ára eða 11%. Það er langt umfram breytingar á bæði verðlagi og launavísitölu. Mestu munar um hækkan launa sjómanna, rúm 40%.

Án þeirra væri hækkan heildarlauna 6%. Þeir eru með hæstu meðallaunin, rúmar 1,5 milljónir en næstir koma bílstjórar, tækjastjórnendur og vélafólk með um 749 þúsund. Lægstu heildarlaunin eru hjá stuðningsfulltrúum, skólaliðum og leiðbeinendum, um 481 þúsund. Því næst í umönnunarstörfum, 553 þúsund. Grunnlaun félaga eru að meðaltali 515 þúsund sem er hækkan um 7% milli ára. Hækkunin á þeim frá 2018 er í samræmi við hækkan launavísitölu.

### Vinnuvikan styttest ekki

Hækkan heildarlauna endurspeglar að einhverju leyti langan vinnutíma. Ekki er breyting á fjölda vinnustunda hjá þeim sem eru í fullu starfi miðað við fyrri kannanir. „Þetta er þvert á þróun mælinga hjá öðrum félögum og þróun vinnustunda hjá Hagstofu,“ bendir Tómas á. Vinnutíminn er áberandi lengstur hjá sjómönnum, nærri 62 tímar á viku.

Um 80% svarenda eru í fullu starfi. Það er reyndar mjög misjafnt eftir kynjum. Meðal karla er hlutfallið

92% en aðeins 63% meðal kvenna. Um 40% svarenda eru í vaktavinnu. Heldur dregur úr fjárhagsáhyggjum miðað við fyrri kannanir. Ekki er áberandi samband milli launa og áhyggja en konur hafa frekar áhyggjur en karlar auk þess sem áhyggjurnar eru meiri meðal 35-44 ára en annarra aldurshópa. Það kann að tengjast því hvort og af hvaða lánnum fólk greiðir, auk annarra útgjalda svo sem vegna barna. Svipað hlutfall greiðir af lánnum og áður en þeim fækkar sem eiga erfitt með að standa í skilum með þau.

## Greitt út félagsmannasjóði AFLs

Þann 1. febrúar fengu félagsmenn sem starfa hjá sveitarfélögum greitt úr félagsmannasjóði AFLs.

Greitt er úr sjóðnum einu sinni á ári en sveitarfélögin leggja í sjóðinn 1.5% af launum félagsmanna mánaðarlega í samræmi við kjarasamning AFLs við sveitarfélögin.

Þannig fær félagsmaður með mánaðarlaun upp á 400.000 krónur greiddar 72.000 krónur fyrir almanaksárið, en greiðslan er eins og áður er getið hlutfall af launum.

Þeir sem starfað hafa á árinu 2021 eftir kjarasamningum sveitarfélaganna en fengu ekki þessa greiðslu eru beðnir um að setja sig í samband við AFL og kanna ástæðu fyrir því. Líklegast skýringin er sú að rétt reikningsnúmer sé ekki til staðar eða vinnuveitandi hafi ekki skilað inn gjaldinu. Greitt verður aftur úr sjóðnum í byrjun mars til þeirra sem ekki náðu að skila inn upplýsingum fyrir febrúargreiðsluna.



Lengsta vinnuvikan og hæstu heildartekjurnar eru meðal sjómanna. Nóg hefur verið að gera hjá þeim að undanfögnu við loðnuveidar. Þessi skip voru í höfninni á Fáskrúðfirði í byrjun vikunnar. Mynd: Sólný Petra Þorradóttir

# Félagsmenn sátir við félagið sitt

Um 75% félagsmanna AFLs Starfsgreinafélags eru „sáttir“ eða „mjög sáttir“ við félagið en 19% taka ekki afstöðu. 5% félagsmanna eru ýmist „ósáttir“ eða „mjög ósáttir“. Þetta er lítil breyting frá fyrrri árum.

Eflitið er til búsetu er mest ánægja á Vopnafirði, Höfn, Egilsstöðum og Reyðarfirði. Mest óánægja er á Neskaupstað, Eskifirði og Múlaþingi utan Egilsstaða svo og dreifbýli á suðurfjörðum og suður í Örnefi.

Ánægjan er mest meðal yngra fólks en vatnaskil verða við 45 ára aldur þar sem allt að 8% í aldursflokkum þar fyrir ofan eru „óánægð“ eða „mjög óánægð“.

Pegar spurt var hversu vel félagið stæði sig í baráttu fyrir hagsmunum


félagsmanna hefur einkunnin batnað lítillega frá síðasta ári. Þ.e. 71,6% telja félagið standa sig vel samanborið við 69,8% í fyrra. Dreifing er svipuð nema hvað sjómenn eru áberandi óánægðastir með baráttu félagsins enda hafa samningar verið lausir við SFS í á þriðja ár. Sjómannasamband Íslands fer með samningsumboð AFLs.

65% félagsmanna hafa nýtt sér þjónustu félagsins. 33% félagsmanna sækja þjónustu til orlofsþjóns félagsins, 17% sækja sér upplýsingar á heimasíðu, 14% hafa fengið aðstoð sjúkrasjóðs AFLs, 16% hafa fengið styrk til mennta eða námskeiða og 6% aðstoð vegna kjaramála og 1% hafa fengið lögfræðiaðstoð. Mynd bls 110


Konur eru duglegri við að sækja sér þjónustu (70%) á móti 60% karla. Hornfirðingar sækja mest í þjónustu félagsins (75%) en svo fylgja Vopnfirðingar, Héraðsbúar og Norðfirðingar fast á eftir. Ungt fólk er áberandi duglegra við að sækja sér aðstoð en aðeins um 55% þeirra sem eru 55 ára og eldri hafa sótt aðstoð hjá félaginu.

Þjónusta félagsins virðist standast væntingar félagsmanna – því „óánægðir“ og „mjög óánægðir“ eru aðeins rösk 2%. Mest er ánægja á Vopnafirði, Fjarðabyggð utan stóru þéttbýliskjarnanna og á svæðinu frá Djúpavogi og suður firði og dreifbýli við Höfn og suður um félagssvæðið. Mest óánægja er á Eskifirði, Neskaupstað og Múlaþingi utan Egilsstaða.


## Hefur þú nýtt þér eitthvað af eftirfarandi á síðustu 12 mánuðum hjá AFLI Starfsgreinafélagi?



## Ertu sátt(ur) eða ósátt(ur) við AFL Starfsgreinafélag?



## Hversu vel eða illa finnst þér AFL Starfsgreinafélag standa sig í því að berjast fyrir hagsmunum félagsmanna sinna?



# Hvaða áhrif mun Covid-19 hafa á líf okkar?

Félagsmenn telja að áhrifa farsóttarinnar muni gæta áfram að vissu leyti. Þannig telja um 67% félagsmanna að fólk muni almennt sinna betur hreinlæti og sóttvörnum inn í framtíðina og 50% telja að fjarvinna muni aukast í framtíðinni. Það er aukning um 10 prósentustig frá síðasta ári.

Hins vegar eru flestir félagsmanna á því að annað færast fljótt í fyrra horf – þ.e. ferðalög til útlanda og bein persónuleg samskipti – s.s. tónleikahald og skemmtanahald.

Þannig telja aðeins 10% félagsmanna að draga muni út samkomum, tónleikum og þess háttar til frambúðar en 90% telja að þessar breytingar verði skammlífar.


Flestir félagsmanna telja að viðbrögð við faraldrinum hafi verið hæfileg á þeirra vinnustað. Þó skera ákveðnar starfsgreinar sig út – þ.e. skólar, veitingastaðir og verslanir – en þar telja allt að 13% starfsmanna að of litlar eða alltof litlar varúðarráðstafanir

hafi verið gerðar á vinnustaðnum. Þar skera sig helst úr skólarnir í Fjarðabyggð og á Vopnafirði. Það eru helst yngri starfsmenn sem telja varúðarráðstafanir hafa verið ófullnægjandi.

Upp undir 40% félagsmanna sem ekki voru í vinnu alla mánuði ársins, hafa lent í atvinnuleysi hluta af síðasta ári sem beina afleiðingu Covid-19. Það bitnaði harðast á yngri félagsmönnum í veitinga- og

gististarfsemi, verslun og þjónustu. Hvað varðar svæðin þá voru áhrif Covid mest í Austur Skaftafellssýslu og austur um sveitir og mest í dreifbýli.

## Telur þú að viðbrögð þíns vinnustaðar hafi verið of mikil, við hæfi eða of lítil við COVID-19?





# Við hvað starfa félagsmenn AFLs?

Langflestir félagsmenn AFLs eru launþegar eins og vænta má, eða 82,4%. Tæp 10% eru í námi ýmist með vinnu eða ekki. 2,5% voru án atvinnu og í atvinnuleit en um 5% eru utan vinnumarkaðar – þ.e. í fæðingarorlofi, á lifeyri eða á sjúkradagpeningum.

Langmest atvinnuleysi er í dreifbýli – eða allt að 11% og skýrist það væntanlega af erfiðleikum í ferðþjónustu. Ekkert atvinnuleysi mældist í könnuninni á nokkrum stöðum.

Eflitið er til „atvinnugreinaþálka“ eftir alþjóðlegum flokkunarstöðlum (ÍSAT) eru tveir „þálkar“ langstærstir á Austurlandi – þ.e. framleiðsla en þar starfa 37% félagsmanna og svo opinber stjórnysla en þar undir flokkast m.a. kennsla og heilbrigðisþjónusta, með 18,8% félagsmanna starfandi.

Allir aðrir þálkar eru miklu minni og kemur „hótel- og veitingageirinn“ næst með um 8% félagsmanna, Verslun og heildsala með 5% og loks

byggingariðnaður með 4,5% félagsmanna starfandi.


Um 50% félagsmanna AFLs í Fjarðabyggð starfa við framleiðslu en fæstir starfa við framleiðslu á svæðinu frá Breiðdal og suður í Örfæfi – að Höfn frátalinni (en þar starfa 35% við framleiðslu) eða 18% félagsmanna.

Eflitið er til þess hvaða störf eru innan „þálkana“ þá starfa um 13% félagsmanna sem framleiðslustarfsmenn í iðnaði – um 9% við kjöt- og fiskvinnslu, 7,4% við skrifstofustörf og 6% við akstur og sjómenn eru 5,2% félagsmanna AFLs.

## Hvað eftirfarandi á best við um stöðu þína á vinnumarkaði um þessar mundir?


### Nýjasta mæling

	Fjöldi	% +/-
Launþegi	540	79,1 3,1
Í vinnu og námi	39	5,7 1,7
Í námi	24	3,5 1,4
Einyrki/sjálfstætt starfandi	23	3,4 1,4
Án atvinnu og í atvinnuleit	17	2,5 1,2
Í fæðingarorlofi, frí eða öðru tímabundnu leyfi frá störfum	17	2,5 1,2
Er öryrki/sjúkradagpeningum eða endurhaefingartíleyri	8	1,2 0,8
Er í launaðri vinnu en er að vinna uppþingarskráfest	6	0,9 0,7
Er að hluta til á atvinnuleysisbótum og að hluta til í launaðri vinnu	5	0,7 0,6
Á eftirlaunum	4	0,6 0,6
Fjöldi svara	683	
Töku afstöðu	683	99,1
Töku ekki afstöðu	6	0,9
Fjöldi svarenda	689	100,0



## Hvert er þitt aðalstarf?

	Fjöldi	% +/-
Iðnverkamaður/Starf við iðnað/Framleiðslustarfsmaður	80	12,7 2,6
Verkstarf Fisk/Ígjöfvinna	55	8,7 2,2
Skrifstofustarf	47	7,4 2,0
Bíðgjafi/Tævingisgjafi	38	6,0 1,9
Sjónmaður	33	5,2 1,7
Umönnun aldraðra	30	4,7 1,7
Iðnaðarmaður-Annad	30	4,7 1,7
Ræsting/Þrífubáttastjóri	28	4,4 1,8
Mötuneystilarfmaður/matráðgjafi/matartækni/Starfsmaður í byðinni	28	4,4 1,8
Almennt verkstarf	27	4,2 1,8
Umönnun barna	25	4,0 1,5
Sölu- eða afgræðnistarf	24	3,8 1,5
Iðnaðarmaður-Byggingaríðmaður	23	3,6 1,5
Annad þjónustustarf	21	3,3 1,4
Veitingastarfþjóni	18	2,8 1,3
Sérfræingur	18	2,8 1,3
Skólakári/Stuðingafulltrúi	18	2,8 1,3
Véla- eða vélgestarstjóri	15	2,4 1,2
Iðnaðarmaður-Málmeiðmaður	15	2,4 1,2
Annad	15	2,4 1,2
Verkstjóri/Flakkestjóri	13	2,1 1,1
Gættustjóri/Öryggisgjafi/Húsnámsráðgjafi	9	1,4 0,8
Umönnun fatlaðra	9	1,4 0,8
Leiðbeinandi/Þrífugljafi	7	1,1 0,8
Lagastarf/Þökkunarstarf/Höfðumaður	6	0,9 0,8
Fjöldi svara	632	
Töku afstöðu	632	99,4
Töku ekki afstöðu	4	0,6
Fjöldi aðspurna	636	100,0
Svarar	636	99,2
Ekki svarar	53	7,7
Fjöldi svarenda	689	100,0



## Félagsmenn vilja tölvupósta

Ein niðurstaða launa- og viðhorfskönnunar AFLs kom verulega á óvart. Spurt var með hvaða hætti félagsmenn vildu fá upplýsingar um mikilvæga atburði eða breytingar og afgerandi meirihluti félagsmanna valdi „tölvupóst“. Félagið hefur alltaf verið mjög íhaldssamt á fjöldapóstsendingar og þá sérstaklega á sendingu á „allt félagið“.

Lítill rýnihópur sem við fengum til að skoða þetta fyrir ca 10 árum síðan varði sérstaklega við fjöldapóstum og þeir myndu fljótlega fá á sig ímynd ruslpósts. Félagið hefur þó notað póstsendingar án hiks vegna

afmarkaðri hópa t.d. í kringum kosningar um kjarasamninga eða trúnaðarmannakjör. Einnig varðandi orlofsleigur.

En þegar 73% félagsmanna segja okkur að þeir vilji upplýsingar með tölvupósti og 33% með textaskilaboðum – þá tókum við mark á því.

Því hefur verið sett í gang vinnu við að útbúa pósthópa sem félagsmenn geta skráð sig í og úr – og verða þeir notaðir á næstunni við að vekja athygli á mikilvægum atburðum eða öðru sem félagið þarf að koma á framfæri.

Nú þegar eru tveir svona pósthópar til – þ.e. „Virkir félagsmenn utan félagssvæðis“ og „Virkir á mínum

siðum“. Þessir tveir hópar eru hugsaðir þannig að hægt sé að senda skilaboð til félagsmanna sem starfa og búa utan félagssvæðis AFLs og sjá þannig ekki héraðsfréttablöðin og fylgjast ekki eins vel með staðarmálum – og seinni hópurinn til að unnt sé að koma skilaboðum um nýjungar og breytingar á virkni á „mínum siðum“ á framfæri til þeirra sem eru að nota þær.

Félagsmenn sem ekki eru í þessum hópum – geta skráð sig í hópana með því að fara á „mínar siður“ og neðst til vinstri er flipi sem heitir „pósthópar. Ef smeltt er á þann flipa kemur listi yfir þá pósthópa sem viðkomandi er í.



Von er á fleiri hópum – t.d. fyrir þá sem vilja fá póst um orlofshús eða íbúðir sem losna með stuttum fyrirvara svo og þá sem vilja fréttabréf félagsins í pdf útgáfu þegar þau koma út. Þegar líður nær næstu kjarasamningum verður og hægt að vera áskrifandi að fréttum úr húsi ríkissáttasemjara.

## Hvernig er könnunin gerð – hverjir svara?

Það vekur ef til vill athygli einhverra að meðal svarenda launa- og viðhorfskönnunar AFLs eru ellilífeyrisþegar, námsmenn og aðrir sem ekki eru í launaðri vinnu.

Úrtakið fyrir könnunina er gert þannig að starfsmenn AFLs vinna skrá með öllum félagsmönnum sem greitt hafa lágmarksíðgjald á síðustu 6 mánuðum. Þessi skrá er síðan

send á Gallup – en þannig að gætt er fyllsta öryggis og persónuverndar. Gallup notar síðan viðurkennda aðferð við að draga 1.500 kennitölur úr skránni og eyðir síðan upphaflegu skránni.

Þessir 1.500 félagsmenn fá síðan bréf frá AFLi og Gallup og því er síðan fylgt eftir með nokkrum smáskilaboðum, tölvupóstum og símtölum.

Það verða strax nokkur afföll á úrtakinu – sumir finnast ekki, aðrir eru með ógild netföng og búnir að skipta um símanúmer. Þannig fengust engin viðbrögð frá 811 manns í úrtakinu en 689 félagar svöruðu eða 45% sem er ámóta og síðustu ár.

En skýringin á því að t.d. ellilífeyrisþegar svara – er að það eru félagsmenn sem eru þá nýhorfnir

af vinnumarkaði því úrtakið tekur aðeins til þeirra sem skiluðu íðgjöldum á síðustu mánuðum. Sama gildir um námsmenn – það eru þá félagar sem hafa verið í vinnu en eru komnir í nám þegar könnunin er gerð.

## Félagakerfið Tótal í útrás

Félagakerfi AFLs hefur fengið nafnið Tótal og er Verkalýðsfélagið Hlíf að innleiða það eins og er. Einnig eru önnur verkalýðsfélög að skoða kerfið.

AFL stofnaði sérstakt hlutafélag til að halda utan um eignarhald kerfisins og rekstur þess - Félagakerfið Tótal ehf. Það var

gert þar sem önnur félagakerfi eru á markaðnum og því nauðsynlegt að Tótal keppti á jafnræðisgrundvelli við þau.

Ástæða þess að AFL hóf gerð kerfisins er að þegar það verkefnið hófst 2012 var ekkert mörk kerfi að velja og ekkert sem uppfyllti þarfir og óskir okkar.

Hlíf í Hafnarfirði hóf innleiðingu fyrst annarra verkalýðsfélaga í desember og byrjaði nú um mánaðarmótin að taka á móti skilagreinum í kerfið. Enn er verið að klára síðustu lausa enda hvað varðar tengingar við bókhaldskerfi en Hlíf notar annað bókhaldskerfi en AFL og þurfti því að sérsníða þær lausnir fyrir Hlíf.

Vonir standa til að kerfið verði algjörlega uppsett og virkt innan fárra daga.

AFL hefur kynnt kerfið fyrir nokkrum öðrum verkalýðsfélögum og eru einhver þeirra í biðstöðu og bíða þess að sjá hvernig innleiðing kerfisins tekst til hjá Hlíf.

## Undirbúningur kjarasamninga að hefjast

Flestir stærstu kjarasamningar AFLs og annarra Alþýðusambandsfélaga renna út 1. nóvember í haust.

Sjómannasamningar eru lausir og hafa verið síðustu tvö ár og viðræður standa yfir. Samningar við ríki og sveitarfélög renna út 2023 en í haust eru samningar verkafólks, starfsfólks í veitinga- og gistihúsum, iðnaðarmanna og verslunarmanna lausir og er undirbúningur fyrir viðræður þegar

hafinn á vettvangi landssambanda innan Alþýðusambandsins.

AFL Starfsgreinafélag mun á næstu vikum setja í gang viðhorfskannanir meðal einstakra starfahópa sem eiga lausa samninga í haust um áhersluatriði í komandi kjarasamningum. Í nýliðinni launa- og viðhorfskönnun félagsins var aðeins tæpt á þessum áhersluatriðum. Samkvæmt niðurstöðum þeirrar könnunar vildu um 65% félagsmanna leggja áherslu á lækkan persónuafsláttar

og/eða lækkan álagningarprósentu skatta. Mun færri eða 6% vildu auðvelda „fyrstu kaupa“ húsnæðis kaupendum og 4% lækkan vaxta. 3% félagsmanna vildu leggja áherslu á afnám verðtryggingar.

Þetta voru þau áhersluatriði sem félagsmenn vildu beina að ríkisvaldinu en varðandi kröfur á launagreiðendur vildu 33% auka kaupmátt launa, 15% vildu stytta vinnuvikuna án launaskerðingar, 13% vildu að áunnin réttindi s.s. veikinda- og orlofsréttur flyttist

á milli vinnuveitenda og 12% að lægstu laun hækkuðu umfram önnur.

Þetta voru niðurstöður úr könnun meðal félagsmanna allra – en þær kannanir sem félagið mun setja í gang á næstu vikum verða einungis meðal þeirra hópa sem eru að fara í kjaraviðræður. Kannanirnar verða í kerfi AFLS og aðgengilegar á „mínunum“ þegar þær opna.

## Erindi félagsmanna við skrifstofur AFLs

AFL hefur nýverið tekið upp kerfi til að skrá samskipti félagsmanna við skrifstofur.

Kerfið er hannað til að vera sem auðveldast í notkun og gerir starfsmanni kleift að skrá samskipti með þremur músarsmellum. Einungis er skráð hvernig samskiptin fóru fram – s.s. með tölvupósti, símtali eða heimsókn

og í nokkrum stórum aðalflokkum – um hvað erindið var – þ.e. t.d. launamál, orlofseignir, uppsögn og fleira.




Í viku 43 voru starfsmenn beðnir um að skrá sérstaklega samviskusamlega og reiknum við með að um 80% allra erinda hafi verið skráð þessa viku.

Alls voru skráð 204 samskipti eða að meðaltali um leituðu um 40

félagsmenn til skrifstofa AFLs á dag þessa viku. Félagsmenn voru af 20 þjóðernum en langflestir voru þeir íslensku.

Á myndinni má sjá kynjaskiptingu, samskiptagerð og hver erindin voru auk aldursdreifingar.

Kyn þeirra sem leituðu til félagsins



## Samningaviðræður sjómanna

Lítið gengur í viðræðum Sjómannasambandsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS).

Löngum fundi fyrir síðustu helgi lauk með fyrirheitum um að gengið yrði formlega frá nokkrum atriðum sem samkomulag er að nást um eins og t.d. stærðarflokkun skipa, verðlagsnefnd skiptaverðs, kauptryggingu og launaliðum og samkomulag um átak til að fækka slysum til sjós.

Eitt stærsta málið er enn óleyst – þ.e. er varðar mótframlag útgerðar í lífeyrissjóð og engan árangur er að

sjá þar. Næsti fundur er boðaður 16. febrúar og standa vonir til að unnt verði að loka nokkrum málum þá og ganga frá með undirskrift.

Sjómenn í AFLi eru orðnir óþreyjufullir eftir að gengið verði frá kjarasamningi og þær raddir eru að verða háværari sem vilja slíta viðræðum og boða til aðgerðar til að flýta fyrir samningum.

Fulltrúar sjómanna hafa lagt fram kröfu um að samið verði um svokallaðar „fjölskipaveiðar“ þar sem tvö eða fleiri skip vinna saman að veiðum. Nokkuð hefur verið um slíkar veiðar síðustu þrjú ár þar sem uppsjávarskip hafa fiskað

í sameiginlegan pott og hlutaskipti verið úr þeim potti. Þetta þýðir að ákvæði aðalkjarasamnings um hlutaskipti eru óvirk og nýir samningar gerðir í hvert sinn.

Sjómenn telja nauðsynlegt að semja um tilhögun á fjölskipaveiðum þannig að eitthvað samræmi sé í þessum samningum og rétt sé staðið að afgreiðslu á þeim en nokkuð hefur verið um að samningar hafi verið afgreiddir í sameiginlegum atkvæðagreiðslum um borð í hverju skipi þar sem félagsmenn margra og ólíkra verkalýðsfélaga greiða saman atkvæði – s.s. vélstjórar, skipstjórar og hásetar.

AFL Starfsgreinafélag hefur frá upphafi neitað að viðurkenna slíkar sameiginlegar atkvæðagreiðslur enda greiða engir aðrir atkvæði um breytingar á aðalkjarasamningi AFLs en félagsmenn AFLs – og hefur félagið haft sérstaka rafræna atkvæðagreiðslu um alla fjölskipaveiðisamninga sem gerðir hafa verið síðustu þrjú ár. Einungis félagsmenn AFLs sem eru á umræddum skipum greiða atkvæði í þessum kosningum og hefur félagið svo staðfest samningana eftir að niðurstaða okkar félagsmanna liggur fyrir.